

71. fundur

Skólaráð 9. janúar 2019

Mættir: Ólafur Árni fulltrúi 7. bekkjar, Haraldur fulltrúi 6. bekkjar, Helga Dögg og Karl fulltrúar foreldra, Fannar fulltrúi grenndarsamfélagsins, Guðrún Þ. fulltrúi kennara, Guðný fulltrúi starfsfólks, Aðalbjörg og Árni.

Dagskrá:

- Síðasta fundargerð
- Ný Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030.
- Skólaþróun.
- Húsnæðismál.
- Önnur mál.

Síðasta fundargerð lesin upp og samþykkt.

Ný menntastefna

- Kjarni Nýrrar menntastefnu Reykjavíkurborgar kynntur. Margir komu að vinnu við hana, s.s. kennarar, stjórnendur, foreldra, nemendur, eldri borgarar og fl.

Markmið stefnunnar er að öll börn:

- vaxi, dafni og uni saman í samfélagi sem einkennist af lýðræði, jafnrétti, mannréttindum og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífsins.
- þrói sterka sjálfsmynd, trú á eigin getu og nái árangri námslega og félagslega í skóla- og frístundastarfi.
- lesi sér til gagns og gamans, afli sér þekkingar og öðlist skilning á samfélagi og náttúru.
- sýni frumkvæði, skapandi og gagnrýna hugsun.
- tileinki sér heilbrigðan lífsstíl og búi yfir hæfni til að standa vörð um eigið heilbrigði.

Markmið stefnunnar tónar vel við áherslur í skólastarfi Fossvogsskóla.

Til að þjóna fyrrnefndum markmiðum leggur borgin sérstaka áherslu á tiltekna lykilhæfni barna og ungmenna: **félagsfærni, sjálfseflingu, læsi, sköpun og heilbrigði**. Einnig að reykvísk börn og ungmenni búi yfir nauðsynlegri þekkingu og hæfni á helstu námssviðum samkvæmt aðalnámskrá.

Reykjavíkurborg mun hrinda í framkvæmd ýmsum almennum aðgerðum. Þau eiga meðal annars upptök sín í vinnu starfshópa um bætt vinnuumhverfi starfsfólks leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.

Á fundinum var bent á að engin markmið eru hvernig mæla á hvernig til tekst með hina nýju stefnu.

Skólaþróun

- Reglulegir fundir eru hjá kennurum skólans einu sinni í viku varðandi skólaþróun. Það sem af er vetri hefur einkum verið fengist við fræðslu um teymiskennslu, leiðsagnarnám og ritun.
- Fossvogsskóli er viðmiðunarskóli í Samgo stærðfræði en það er þróunarverkefni sem Breiðgerðisskóli er að vinna að.
- Síðustu ár hefur verið unnið markvisst að auka rafræna kennsluhætti í skólanum. Vorið 2018 ákvað Skóla- og frístundaráð að setja aukinn tölvubúnað í skólana og á að afhenda búnaðinn á þessu ári.

Húsnæðismál

- Loftgæði í Vesturlandi rædd. Farið yfir bréf til skólayfirvalda og sviðsstjóra SFS og USK frá foreldri nemandans sem veiktist. Bréfið var sent ofangreindum aðilum 7. janúar 2019 og fékk skólastjóri afrit af bréfinu í tölvupósti. Foreldri segir m.a. að Mannvit mistúlki niðurstöður Náttúrufræðistofnunar og að sýnin gefi ekki raunsanna mynd af loftgæðum í húsnæðinu þar sem að í sýnunum sem tekin voru séu að finna merki um að húsnæði er ekki laust við rakaskemmdir og myglu. Foreldri fer fram á að fram fari allsherjarúttekt á húsnæðinu sem gefur skýrari mynd af loftgæðum í öllu skólahúsnæðinu.
- Skólaráð lítur málið mjög alvarlegum augum og hyggst senda erindi til sviðsstjóra SFS og USK ef erindi foreldris verður ekki svarað fljótlega. Skólastjóri ætlar að upplýsa skólaráð jafnóðum um framvindu málsins og boða ráðið til fundar ef svör um aðgerðir vegna úttektar berist foreldri ekki fljótlega.
- Breyta á áhaldageymslu við íþróttahús í skrifstofu fyrir Neðstaland. Af þeim sökum á að stúka búningsklefana í íþróttahúsi í tvennt, helming rýmisins undir tæki og hinn hlutann undir búningsklefa. Gömlu skrifstofu Neðstalands verður breytt í fataklefa fyrir nemendur sem eru í Neðstalandi.
- Nú í janúar er fyrirhugað að bóna 1000 fermetra í skólanum.

- Kaupa á 60 stk. af borðum og stólum eða sem svarar til eins árgangs á miðstigi.

Önnur mál.

- Annaskipti verða 11. janúar.
- Unnið verður að því að lagfæra grunnu innilaugina Laugardalshöll og verður sú vinna fram á vorið. Af þeim sökum fer sundkennsla nemenda í 1. og 2. bekk fram í útilauginni. Foreldrar verða upplýstir um málið.
- Bent var á að mikilvægt væri að Skólaráð væri sýnilegt í skólasamfélaginu og að foreldrar gætu haft samband við fulltrúa foreldra ef þeir vildu koma einhverju á framfæri sem varðaði skólastarfið. Var m.a. bent á að gott væri að senda póst á foreldra þess efnis og að ráðið fundaði einu sinni í viku.
- Eitt af hlutverkum Skólaráðs er að fara yfir rekstraráætlun skólans og er stefnt að því að ráðið fari yfir rekstraráætlun Fossvogsskóla fyrir árið 2020.